

# Reglur

## Umhverfisstyrkur Fljótsdalshrepps

---

### 1. gr.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps setur hér með almennar reglur um fjárstyrki til að bæta stöðu umhverfismála í sveitarfélaginu og ber slíkur styrkur heitið „**Umhverfisstyrkur Fljótsdalshrepps**“.

Um heimild til ráðstöfunar fjármuna sveitarfélagsins í þessa þágu er sérstaklega vísað til 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þar sem fram kemur að sveitarfélag geti tekið að sér verkefni sem varða íbúa þess enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum og um sé að ræða sameiginlegt velferðarmál íbúa sveitarfélagsins.

Reglur þessar skulu birtar og vera aðgengilegar á vefsíðu Fljótsdalshrepps [www.fljotsdalur.is](http://www.fljotsdalur.is).

### 2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita umhverfisstyrk Fljótsdalshrepps til verkefna sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Framkvæmdir sem til þess eru fallnar að bæta umhverfismál innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps.
2. Framkvæmdir sem eru til þess fallnar að draga úr orkunotkun, mengun, losun gróðurhúsalofttegunda og/eða er ætlað að bæta fyrir orkunotkun, mengun og/eða losun innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps.
3. Framkvæmdir sem bæta ástand og útlit jarða og mannvirkja innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps þ.m.t. vatns- og fráveitu viðkomandi eigna.
4. Framkvæmdir sem eru sambærilegar þeim sem taldar eru upp í töluliðum 1. – 3.

### 3. gr.

Einstaklingar og félög sem eiga lögheimili í Fljótsdalshreppi geta fengið úthlutað umhverfisstyrk Fljótsdalshrepps. Jafnframt þurfa tilgreind félög að vera með starfsemi sína í sveitarfélaginu.

Áskilið er að umsækjandi hafi átt lögheimili í sveitarfélaginu í minnst undangengna tólf mánuði samfleytt á móttökudegi umsóknar og lögheimilisfestan sé einnig til staðar og hafi verið óslitin þegar kemur að útgreiðslu umhverfisstyrks.

Hafi aðili sem fengið hefur samþykka umsókn flutt lögheimili sitt úr Fljótsdalshreppi eða flutt þaðan starfsemi sína áður en uppfyllt eru skilyrði til greiðslu umhverfisstyrks sbr. 7. gr., fellur styrkveitingin sjálfkrafa niður án sérstakrar tilkynningar.

### 4. gr.

Frestur til að sækja um umhverfisstyrk Fljótsdalshrepps skal vera til loka aprílmánaðar og skal sveitarstjórn ljúka afgreiðslu umsókna í síðasta lagi á almennum sveitarstjórnarfundi í júní.

Sé heimild til styrkveitinga viðkomandi árs ekki fullnýtt við úthlutun sbr. 1. mgr. er sveitarstjórn heimilt að framlengja eða ákveða nýjan umsóknarfrest.

Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

- a) Greinargóð lýsing á verkefninu og helstu verkþættir, sbr. 2 gr.
- b) Sundurliðuð kostnaðaráætlun.
- c) Eigið framlag í formi vinnu, fjárframlags eða annars stuðnings.
- d) Upphaf verks og áætluð lok þess.

Umsækjandi skal tiltaka hvaða styrkfjárhæð sótt er um.

Sé umsækjandi ekki eigandi þeirra eigna sem verkefni tekur til þarf heimild viðkomandi eiganda að fylgja umsókn. Þetta á þó ekki við sé umsækjandi ábúandi á lögbyli í samræmi við ábúðarlög nr. 80/2004.

#### 5. gr.

Fjárhæð umhverfisstyrks til hvers umsækjanda sbr. 1. mgr. 3. gr. getur að hámarki verið kr. 3.000.000 á ári.

Fjárhæð umhverfisstyrkja til umsækjenda sem eiga sama lögheimili skulu samtals ekki fara umfram tilgreinda hámarksfjárhæð sbr. 1. mgr.

Eigin vinna og annað eigið framlag umsækjanda getur hæst numið 25% af styrkveitingu. Við mat á þessu atriði skal útlagður kostnaður reiknaður án virðisaukaskatts.

#### 6. gr.

Sveitarstjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs ákveða hvort umhverfisstyrkir verði veittir á því ári og þá áætla hámark heildarfjárhæðar umhverfisstyrkja þess árs ásamt hámarks upphæð á lögheimili.

Sveitarstjórn tekur afstöðu til umsókna og fjárhæðar einstakra umhverfisstyrkja með hliðsjón af hámarksfjárhæð sbr. 5. gr. áætlaðri heildarfjárhæð viðkomandi árs og fjölda og umfangi styrkhæfra umsókna.

Greiðsla samþykktra umhverfisstyrkja getur færst á milli ára en þó ekki lengur en í tvö ár frá lokum þess ár sem umsókn var samþykkt (úthlutunarár). Sveitarstjórn skal heimilt að veita undanþágu frá þessu séu gildar ástæður fyrir því að ekki hafi verið unnt að ljúka verkefni og úttekt á því innan tilgreindra tímamarka.

Að öðrum kosti fellur styrkveiting niður án sérstakrar tilkynningar hafi verkefni ekki verið lokið og óskað úttektar innan tveggja ára frá lokum úthlutunarárs.

#### 7. gr.

Aðili sem hefur fengið samþykka umsókn um umhverfisstyrk skal tilkynna Fljótshreppi þegar umræddu verkefni er lokið og óska úttektar á því.

Sveitarstjóri Fljótshrepps framkvæmir þá úttekt, eftir atvikum með aðstoð byggingarfulltrúa sveitarfélagsins, að styrkþega viðstöddum þar sem staðreynt skal að verkefninu sé lokið í samræmi við upplýsingar í umsóknargögnum sbr. 4. gr.

Umhverfisstyrkur kemur til útgreiðslu að lokinni úttekt sem staðfestir að verkefni sé lokið með þeim hætti sem greinir í 2. mgr.

Framlag vegna útlagðs kostnaðar án virðisaukaskatts greiðist gegn framvísun afrita reikninga.

Framlag vegna eigin vinnu og annars eigin framlags umsækjanda greiðist gegn framvísun samantektar um þessa þætti.

Heimilt er að áfangaskipta verkefni þannig að umhverfisstyrkur komi til greiðslu í hlutum. Óski styrkþegi eftir slíkri áfangaskiptingu skal hann með sama hætti og greinir 1. mgr. óska eftir úttekt fyrir hvern áfanga og gilda ákvæði 2. mgr. slíka úttekt og 3. – 5. mgr. um útgreiðslur á þessum grunni. Reglur þessar eru fyrir árið 2021 og verða endurskoðaðar fyrir árið 2022.

---

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps þann 2. febrúar 2021.